

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.**  
**Ársreikningur samstæðu 2019 - 2020**

Grjóthálsi 7-11  
110 Reykjavík, Ísland

Kt. 420369-7789

## Efnisyfirlit

---

|                                  |   |
|----------------------------------|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda ..... | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar ..... | 3 |
| Rekstrarreikningur .....         | 4 |
| Efnahagsreikningur .....         | 5 |
| Sjóðstreymi .....                | 7 |
| Skýringar .....                  | 8 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ölgerðarinnar Egill Skallagrimsson hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Ölggerðarinnar Egill Skallagrimsson hf. og dótturfélaga þess (samstæðan) fyrir árið 2019-2020. Samstæðureikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glöggja mynd af aðkomu samstæðunnar á árinu 2019-2020, efnahag hennar 29. febrúar 2020 og breytingu á handbæru fé samstæðunnar á árinu 2019-2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

## Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábending

Án þess að setja fyrirvara við álit okkar viljum við vísa í skýrslu stjórnar í umfjöllun hennar um atburð eftir lok reikningsárs en þar fjalla stjórnendur um áhrif Covid-19 faraldurins á stöðu samstæðunnar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðureikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- \* Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- \* Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- \* Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- \* Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.
- \* Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.
- \* Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplysinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álti okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 20. maí 2020.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn F. Kristinsson

# Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla, sala og markaðsetning á matvörum, drykkjarvörum og öðrum tengdum vörum. Fjöldi ársverka hjá félagssamstæðunni á árinu var 367. Í lok ársins voru kynjahlutföll starfsmanna hjá samstæðunni þannig að 32% voru konur og 68% karlar. Í lok ársins voru 40% stjórnarmanna konur og 60% karlar.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 kann að hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar. Stjórnendur vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur félagsins en óvist er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg. Nánar er getið um áhrif COVID-19 á rekstur félagsins í skýringu nr. 14

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar var hagnaður fjárhagsársins 2019-2020 eftir reiknaða skatta 578 millj.kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 5.408 millj.kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Ölderðarinnar Egill Skallagrímsson hf. gerir tillögu um að enginn arður verði greiddur á árinu 2020 vegna fjárhagsársins 2019-2020.

Hluthafar voru 28 í upphafi fjárhagsárs en í lok fjárhagsárs 27. Tíu stæstu hluthafar félagsins í lok fjárhagsárs voru:

|                               |       |
|-------------------------------|-------|
| OA eignarhaldsfélag hf.       | 26,1% |
| Horn III slhf.                | 25,1% |
| Akur fjárfestingar slhf.      | 18,2% |
| Nitur ehf.                    | 5,8%  |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 5,1%  |
| Sindrandi ehf.                | 4,0%  |
| Vátryggingafélag Íslands hf.  | 2,5%  |
| Landsbréf - Úrvvalsbréf       | 2,2%  |
| ISA ehf.                      | 2,0%  |
| EGG ehf.                      | 2,0%  |

Stjórn Ölderðarinnar Egill Skallagrímsson hf. og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning fyrir árið 2019 - 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2020.

  
Októ Einarsson

Októ Einarsson

  
Jóhannes Hauksson

  
Rannveig Eir Einarsdóttir

  
Hermann Már Þórisson

  
Sylvie Kristín Ólafsdóttir

Forstjóri  
  
Andri Þór Guðmundsson

# Rekstrarreikningur 1.mars 2019 - 29.febrúar 2020

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

| <b>Rekstrartekjur</b>                                  | <b>Skýr.</b> | <b>2019-2020</b>  | <b>2018-2019</b>  |
|--|--------------|-------------------|-------------------|
| Vörusala .....   |              | 25.944.376        | 24.877.169        |
| Áfengis- og skilagjald .....                           |              | (7.467.857)       | (7.199.207)       |
| Vörusala nettó .....                                   |              | 18.476.519        | 17.677.962        |
| Aðrar rekstrartekjur .....                             |              | 33.674            | 38.993            |
|  |              | <b>18.510.193</b> | <b>17.716.955</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                   |              |                   |                   |
| Framleiðslukostnaður .....                             |              | 10.776.363        | 10.063.873        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                          |              | 5.637.513         | 5.543.864         |
|  |              | <b>16.413.876</b> | <b>15.607.737</b> |
| <b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>               |              |                   |                   |
|  |              | 2.096.317         | 2.109.218         |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....           | 6            | (769.929)         | (832.321)         |
| Afskrift óefnislegra eigna .....                       | 7            | 0                 | (102.431)         |
|  |              | <b>1.326.388</b>  | <b>1.174.466</b>  |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>                |              |                   |                   |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....          | 5            | (838.850)         | (753.529)         |
| Hagnaður vegna sölu á dótturfélagi .....               |              | 159.403           | 0                 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga .....                          | 8            | 109.883           | (29.002)          |
|  |              | <b>(569.564)</b>  | <b>(782.531)</b>  |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>                       |              |                   |                   |
|  |              | 756.824           | 391.935           |
| Tekjuskattur .....                                     | 13           | (178.855)         | 3.298             |
|  |              | <b>577.968</b>    | <b>395.233</b>    |
| <b>Aðrir liðir</b>                                     |              |                   |                   |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga .....       | 12           | 0                 | (581)             |
| Hagnaður eða (tap) af dótturfélagi í sölumeðferð ..... | 15           | 0                 | 5.809             |
|  |              | <b>577.968</b>    | <b>400.461</b>    |

## Efnahagsreikningur

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

### Eignir

|   | <i>Skýr.</i> | <i>29.2.2020</i>  | <i>28.2.2019</i>  |
|---|--------------|-------------------|-------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                   |              |                   |                   |
| Öfnislegar eignir .....                 | 7            | 6.848.574         | 6.848.574         |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....      | 6            | 8.247.670         | 8.184.999         |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum ..... | 8            | 516.164           | 362.093           |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....      |              | 0                 | 5.913             |
| Kröfur á hlutdeildarfélög .....         |              | 257.830           | 145.457           |
| Skuldbréf og áhættufjármunir .....      |              | 241.440           | 464.728           |
| Tekjuskattsinneign .....                | 13           | 35.928            | 68.180            |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>           |              | <b>16.147.606</b> | <b>16.079.944</b> |

### Veltufjármunir

|   |    |                  |                  |
|---|----|------------------|------------------|
| Birgðir .....                           | 9  | 1.753.095        | 1.533.948        |
| Viðskiptakröfur .....                   | 10 | 1.917.851        | 2.042.765        |
| Aðrar skammtímakröfur .....             |    | 163.689          | 326.511          |
| Handbært fé .....                       |    | 180.134          | 183.436          |
| <b>Veltufjármunir</b>                   |    | <b>4.014.769</b> | <b>4.086.660</b> |
| Eignir dótturfélags í sölumeðferð ..... | 15 | 0                | 323.469          |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>           |    | <b>4.014.769</b> | <b>4.410.129</b> |

**Eignir samtals**      **20.162.377**      **20.490.073**

## 29.febrúar 2020

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

### Eigið fé og skuldir

|                            | <i>Skýr.</i> | <b>29.2.2020</b> | <b>28.2.2019</b> |
|----------------------------|--------------|------------------|------------------|
| <b>Eigið fé</b>            |              |                  |                  |
| Hlutafé .....              | 2.796.962    | 2.806.965        |                  |
| Yfirverðsreikningur .....  | 1.085.052    | 1.114.155        |                  |
| Sérstakt endurmat .....    | 321.888      | 304.225          |                  |
| Aðrir liðir .....          | 529.221      | 30.226           |                  |
| Óráðstafað eigið fé .....  | 674.607      | 593.352          |                  |
|                            | <hr/>        | <hr/>            |                  |
| Hlutdeild minnihluta ..... | 5.407.731    | 4.848.923        |                  |
|                            | <hr/>        | <hr/>            |                  |
| <b>Eigið fé samtals</b>    | <b>12</b>    | <b>5.407.731</b> | <b>4.853.469</b> |
|                            | <hr/>        | <hr/>            |                  |

### Skuldir

#### Langtímaskuldir

|                                |                   |                   |           |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|-----------|
| Vaxtaberandi skuldir .....     | 11                | 9.015.206         | 9.924.151 |
| Tekjuskattskuldbinding .....   | 13                | 1.775.426         | 1.759.420 |
| <b>Langtímaskuldir samtals</b> | <b>10.790.632</b> | <b>11.683.571</b> | <b></b>   |

#### Skammtímaskuldir

|   |    |                   |                   |
|---|----|-------------------|-------------------|
| Viðskiptaskuldir .....                    |    | 1.478.243         | 1.435.216         |
| Vaxtaberandi skuldir .....                |    | 55.170            | 230.557           |
| Næsta árs afborgun af langtímalánum ..... | 11 | 1.004.133         | 483.301           |
| Tekjuskattur til greiðslu .....           | 13 | 130.599           | 88.762            |
| Aðrar skammtímaskuldir .....              |    | 1.295.869         | 1.437.186         |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                   |    | <hr/>             | <hr/>             |
| Skuldir dótturfélags í sölumeðferð .....  | 15 | 3.964.014         | 3.675.022         |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                   |    | <hr/>             | <hr/>             |
| <b>Skuldir samtals</b>                    |    | <b>14.754.646</b> | <b>15.636.604</b> |
|   |    | <hr/>             | <hr/>             |

**Eigið fé og skuldir samtals**      **20.162.377**      **20.490.073**

## Sjóðstreymi 1. mars - 29.febrúar 2020

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

|  | 2019-2020      | 2018-2019        |
|--|----------------|------------------|
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                           |                |                  |
| Rekstrarhagnaður .....                                   | 1.326.388      | 1.174.466        |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:         |                |                  |
| Tap (hagnaður) af sölu á varanl. rekstrarfjármunum ..... | (1.053)        | (1.464)          |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....             | 769.929        | 832.321          |
| Afskrift óefnislegra eigna .....                         | 0              | 102.431          |
| Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta            | 2.095.264      | 2.107.755        |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:          |                |                  |
| (Hækkun) á birgðum .....                                 | (219.147)      | (113.974)        |
| (Hækkun) á rekstrartengdum kröfum .....                  | 322.024        | (337.705)        |
| Hækkun á rekstrartengdum skuldum .....                   | (439.662)      | 61.609           |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta               | 1.758.479      | 1.717.685        |
| Innborgaðar vaxtatekjur .....                            | 31.929         | 48.174           |
| Greidd fjármagnsgjöld .....                              | (31.916)       | (60.566)         |
| Greiddur tekjuskattur .....                              | (88.762)       | (280.704)        |
| Handbært fé frá rekstri                                  | 1.669.731      | 1.424.588        |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                           |                |                  |
| Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir .....      | (846.725)      | (753.853)        |
| Selt dótturfélag .....                                   | 183.696        | 0                |
| Áhrif vegna smeininger við dótturfélag .....             | 0              | (149.815)        |
| Skuldbréf, breyting .....                                | 221.955        | 107.636          |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélagi .....                    | (19.375)       | 0                |
| Fjárfestingarhreyfingar                                  | (460.449)      | (796.032)        |
| <b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>                          |                |                  |
| Skammtimalán, breyting .....                             | (175.387)      | 175.507          |
| Ný langtímalán .....                                     | 169.771        | 625.628          |
| Afborganir langtímalána .....                            | (557.885)      | (994.670)        |
| Keypt eigin bréf .....                                   | (21.443)       | 0                |
| Greiddir vextir .....                                    | (627.639)      | (618.883)        |
| Fjármögnumunarhreyfingar                                 | (1.212.583)    | (812.418)        |
| <b>Lækkun á handbæru fé .....</b>                        | <b>(3.301)</b> | <b>(183.862)</b> |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>                     | <b>183.436</b> | <b>370.784</b>   |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                        | <b>180.134</b> | <b>183.436</b>   |

# Skýringar

Allar upphædir eru í þúsundum króna

## 1. Upplýsingar um félagið

Ölgerðin Egill Skallagrímsson er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Lögheimili félagsins er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna nema þar sem annað er tilgreint.

### Grundvöllur samstæðu

Ársreikningurinn nær til Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaga þess, Danól ehf., kt.530802-2640 með lögheimili að Fosshálsi 17-25, 110 Reykjavík og G7-11 Fasteignafélag ehf., kt.490911-2510 með aðsetur að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík. Í lok tímabilsins átti félagið 100% eignarhlut í Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf.

Dótturfélögunum, Agla Gosgerð ehf., Borg Brugghús ehf. og Sól ehf. sem félagið á 100% er haldið utan samstæðu þar sem þau samanlagt hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra sbr. 70 gr. laga um ársreikninga.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákværðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1.mars 2020. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi þann 29. febrúar 2020. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginiu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð óefnislegra eigna við samruna er hinsvegar gangverð á yfirkudegi. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisýrnun. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verða til innan fyrirtækisins er gjaldfærður í rekstrarreikning á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

# Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því, sbr. 2. gr. laga um ársreikninga. Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt hlutdeildaðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrararárangurs og annarra breytinga á eigin fé hlutdeildarfélagsins. Viðskiptavild sem tengist hlutdeildarfélögum er hluti af bókfærðu verði eignarhlutarins. Hún er ekki afskrifuð og ekki er gert virðisýrnunarpróf á henni sérstaklega. Hlutdeild í rekstrararárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikning. Óinnleystur hagnaður eða tap vegna viðskipta á milli félagsins og hlutdeildarfélaga er feldur út í hlutfalli við eignarhluti í hlutdeildarfélögum.

## Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru bókfærðir á kostnaðarverði.

## Hlutafé

Eitt atkvæði fyrir hverjum krónu hlut af nafnverði

## Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Á yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár var fært yfirverð seldra eigin hluta á árinu.

## Endurmatsreikningur

Sérstaka endurmatið er hlutdeild félagsins í sérstöku endurmati hlutdeildarfélags sem er vegna endurmats á vatnslind félagsins og vegna sérstaks endurmats á fasteign dótturfélags.

## Bundinn hlutdeildarreikningur

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrarreikning vegna dóttur- og/eða hlutdeildarfélags og þeiri fjárhæð sem nemur móttéknun arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

## Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnstæður.

## Leigusamningar

Leigugreiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi miðað við línulega aðferð á leigutímanum.

# Skýringar

Allar upphædir eru í þúsundum króna

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Aröstekjur eru færðar þegar réttur félagsins til innheimtu liggur fyrir.

## Tekjuskattur og frestaður tekjuskattur

Tekjuskattur vegna rekstrarársins hefur verið reiknaður og færður í ársreikninginn. Tekjuskatturinn samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

Tekjuskattsinneign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

## 3. Laun og launatengd gjöld

|                                     | 2019 - 2020 | 2018 - 2019 |
|-------------------------------------|-------------|-------------|
| Laun .....                          | 2.916.992   | 3.048.793   |
| Lífeyrissjóður .....                | 387.609     | 374.227     |
| Launatengd gjöld .....              | 272.639     | 290.447     |
| Laun og launatengd gjöld alls ..... | 3.577.240   | 3.713.467   |

Fjöldi ársverka nam 367 en 424 árið áður.

Laun stjórnarmanna voru 9,5 millj. kr. á árinu en var 8,4 millj. kr árið áður. Heildarlaun stjórnaformanns, forstjóra og framkvæmdastjórnar námu um 233,6 millj. kr. á árinu, en var 220,2 millj. kr. árið áður.

## 4. Þóknanir til endurskoðenda

|                                | 2019 - 2020 | 2018 - 2019 |
|--------------------------------|-------------|-------------|
| Endurskoðun ársreiknings ..... | 7.998       | 5.525       |
| Könnun árshlutareikninga ..... | 1.641       | 1.222       |
| Önnur þjónusta .....           | 4.176       | 1.602       |
|                                | 13.815      | 8.349       |

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

|   | 2019-2020 | 2018-2019 |
|---|-----------|-----------|
| Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur ..... | 56.099    | 67.176    |
| Vaxtagjöld .....                          | (706.232) | (721.469) |
| Gengismunur .....                         | (34.247)  | (99.235)  |
| Önnur fjármagnsgjöld .....                | (154.471) | 0         |
|   | (838.850) | (753.529) |

# Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                                | Fasteignir       | Bílar          | Áhöld og tæki    | Samtals          |
|--------------------------------|------------------|----------------|------------------|------------------|
| Stofnverð 1/3 2019 .....       | 6.007.447        | 1.006.353      | 6.669.157        | 13.682.957       |
| Afskrifað alls 1/3 2019 .....  | (1.022.753)      | (532.250)      | (3.942.955)      | (5.497.958)      |
| Viðbót á tímabilinu .....      | 244.159          | 179.197        | 544.451          | 967.807          |
| Afskrifað á tímabilinu .....   | (171.467)        | (106.974)      | (491.488)        | (769.929)        |
| Selt og niðurlagt .....        | 0                | (90.403)       | (44.805)         | (135.208)        |
| Bókfært verð 29/2 2020 .....   | <u>5.057.386</u> | <u>455.924</u> | <u>2.734.360</u> | <u>8.247.670</u> |
| Stofnverð alls 29/2 2020 ..... | 6.251.605        | 879.313        | 6.358.186        | 13.489.104       |
| Afskrifað alls 29/2 2020 ..... | (1.194.219)      | (423.389)      | (3.623.826)      | (5.241.434)      |
| Bókfært verð 29/2 2020 .....   | <u>5.057.386</u> | <u>455.924</u> | <u>2.734.360</u> | <u>8.247.670</u> |
| Afskriftarhlutföll .....       | 3%               | 15%            | 8%-33%           |                  |

## 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

|                                | Vörumerki        | Viðskiptasambönd | Samtals          |
|--------------------------------|------------------|------------------|------------------|
| Stofnverð 1/3 2019 .....       | 6.129.278        | 1.594.735        | 7.724.013        |
| Afskrifað alls 1/3 2019 .....  | 0                | (875.439)        | (875.439)        |
| Bókfært verð 29/2 2020 .....   | <u>6.129.278</u> | <u>719.296</u>   | <u>6.848.574</u> |
| Stofnverð alls 29/2 2020 ..... | 6.129.278        | 1.594.735        | 7.724.013        |
| Afskrifað alls 29/2 2020 ..... | 0                | (875.439)        | (875.439)        |
| Bókfært verð 29/2 2020 .....   | <u>6.129.278</u> | <u>719.296</u>   | <u>6.848.574</u> |

Vörumerki og viðskiptasambönd félagsins eru með ótilgreindan liftíma, félagið framkvæmir virðisýrnunarpróf árlega þar sem athugað er fírstreymi vegna eigin vörumerkja og viðskiptasambanda félagsins. Komi fram virðisýrnun er sú rýnun færð til gjalda. Viðskiptasambönd voru áður afskrifuð línulega en eru metin með tiliti til virðisýrnunar með virðisýrnunarprófi.

Endurheimtanleg fjárhæð vörumerkja og viðskiptasambanda byggir á áætlaðri framlegð til framtíðar og miðast framlegðarpósentur við áætlun stjórnenda um framtíðarframlegð vörumerkjanna og viðskiptasambandanna. Áætlun stjórnenda varðandi vörumerkin og viðskiptasamböndin er núvirt með ávöxtunarkröfu, sem er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins. Núvirðingen er síðan borin saman við eignagrunn hvers vörumerkis og viðskiptasbands til að meta hugsanlega rýnun.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisýrnunar.

# Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## 8. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinist þannig:

|  | Eignarhlutur | Hlutdeild í<br>afkomu<br>2020 | Bókfært verð<br>29.2.2020 | Bókfært verð<br>28. 2.2019 |
|--|--------------|-------------------------------|---------------------------|----------------------------|
| Iceland Spring ehf., Grjóthálsi 7-11 ..... | 21,24%       | (106.397)                     | 275.641                   | 362.093                    |
| Endurvinnslan hf., Reykjavík .....         | 20,00%       | 216.280                       | 240.523                   | 0                          |
|  |              | 109.883                       | 516.164                   | 362.093                    |

Á reikningsskilatímabilinu keypti Ölgerðin 12,5% hlut í Endurvinnslunni og átti eftir kaupin 20%, eftir þá breytingu er eignarhlutur Ölgerðinnar í Endurvinnslunni færður samkvæmt hlutdeildaðferð. Félagið tekjufærði 216 m.kr. vegna kaupanna sem nemur hlutdeild félagsins í eigin fé Endurvinnslunnar hf. umfram kaupverð.

## 9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

|                          | 29.2.2020 | 28.2.2019 |
|--------------------------|-----------|-----------|
| Fullunnar vörur .....    | 1.444.943 | 1.221.115 |
| Hráefni og umbúðir ..... | 284.316   | 302.094   |
| Annað .....              | 41.060    | 32.786    |
| Niðurfærsla birgða ..... | (17.225)  | (22.047)  |
|                          | 1.753.095 | 1.533.948 |

Vátryggingarverðmæti birgða nam 2.488 millj. kr. í árslok.

## 10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

|   | 29.2.2020 | 28.2.2019 |
|---|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur .....                       | 2.052.165 | 2.094.384 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna .....           | (134.314) | (51.619)  |
| Viðskiptakröfur, nettó .....                | 1.917.851 | 2.042.765 |
| Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur ..... | 87.300    | 32.083    |

# Skýringar

Allar upphædir eru í þúsundum króna

## 11. Vaxtaberandi langtímaskuldur

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

|  |             |
|--|-------------|
| Óverðtryggð lán .....                                      | 10.019.339  |
| Langtímaskuldur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir ..... | 10.019.339  |
| Næsta árs afbonganir .....                                 | (1.004.133) |
| Langtímaskuldur samtals skv. efnahagsreikningi .....       | 9.015.206   |

Afbonganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabils greinast þannig á næstu ár:

|   |            |
|---|------------|
| Afbonganir mars 2020 - febrúar 2021 ..... | 1.004.133  |
| Afbonganir mars 2021 - febrúar 2022 ..... | 462.730    |
| Afbonganir mars 2022 - febrúar 2023 ..... | 1.982.647  |
| Afbonganir mars 2023 - febrúar 2024 ..... | 373.159    |
| Afbonganir mars 2024 og síðar .....       | 6.196.670  |
|   | 10.019.339 |

Lánveitendur samstæðunnar eru með veð í fasta- og lausafjármunum samstæðunnar til tryggingar á langtímalánum, samtals fjárhæð tryggingabréfa hjá samstæðunni er, 15,9 ma kr.

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

|                          | Hlutafé   | Yfirverðs<br>reikningur | Sérstakt<br>endurmat | Aðrir liðir | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals   |
|--------------------------|-----------|-------------------------|----------------------|-------------|------------------------|-----------|
| Eigið fé 1/3 2019 .....  | 2.806.965 | 1.114.155               | 304.225              | 30.226      | 593.352                | 4.848.923 |
| Keypt eigin bréf .....   | (10.003)  | (29.103)                | 0                    | 0           | 0                      | (39.106)  |
| Þýðingarmunur .....      | 0         | 0                       | 17.663               | 2.283       | 0                      | 19.946    |
| Hlutdótturf. ....        | 0         | 0                       | 0                    | 496.712     | (496.712)              | 0         |
| Hagnaður ársins .....    | 0         | 0                       | 0                    | 0           | 577.967                | 577.967   |
| Eigið fé 29/2 2020 ..... | 2.796.962 | 1.085.052               | 321.888              | 529.221     | 674.607                | 5.407.730 |

Aðrir liðir greinast á eftirfarandi hátt:

|                              | Þýðingar<br>munur | Bundinn<br>hlutdeildar<br>reikningur | Samtals<br>Aðrir liðir |
|------------------------------|-------------------|--------------------------------------|------------------------|
| Eigið fé 1/3 2019 .....      | (14.573)          | 44.799                               | 30.226                 |
| Þýðingarmunur .....          | 2.283             | 0                                    | 2.283                  |
| Hlutdeild dótturfélaga ..... | 0                 | 496.712                              | 496.712                |
| Eigið fé 29/2 2020 .....     | (12.290)          | 541.511                              | 529.220                |

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlut af nafnverði. Heildar útgefið hlutafé samstæðunnar er 2.806 milljónir að nafnverði og á samstæðan eigin hluti að nafnverði 10 milljónir. Lögbundinn varasjóður er innifalinn í yfirverðsreikningi hlutafjár.

Hlutdeild minnihluta greinist þannig:

|  | 29.2.2020 | 28.2.2019 |
|--|-----------|-----------|
| Staða 1/3 2019 .....                             | 4.545     | 3.964     |
| Seldur eignarhlutur .....                        | (4.545)   | 0         |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélags ..... | 0         | 581       |
| Staða 29/2 2020 .....                            | 0         | 4.545     |

# Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## 13. Tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattsinneign)

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 1.775,4 millj. kr. í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi og tekjuskattsinneign nam 45,3 millj. kr. Breyting skuldbindingarinnar og inneignarinnar á árinu greinist þannig:

|  | Tekjuskattsskuldbinding | Tekjuskattsinneign | Samtals          |
|--|-------------------------|--------------------|------------------|
| Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) 1/3 2019 .....  | 1.759.420               | (68.180)           | 1.691.240        |
| Reiknaður tekjuskattur ársins .....                | 102.346                 | 32.252             | 134.598          |
| Áhrif vegna yfirverðs á fasteign .....             | 44.257                  | 0                  | 44.257           |
| Tekjuskattur til greiðslu .....                    | (130.599)               | 0                  | (130.599)        |
| Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) 29/2 2020 ..... | <u>1.775.426</u>        | <u>(35.928)</u>    | <u>1.739.496</u> |

Reiknaður tekjuskattur ársins skiptist þannig:

|  |                  |                 |                  |
|--|------------------|-----------------|------------------|
| Reiknaður tekjuskattur vegna afkomu ársins ..... | (166.355)        | (32.248)        | (198.602)        |
| Áhrif vegna yfirverðs á fasteign .....           | (44.257)         | 0               | (44.257)         |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....       | 64.018           | 0               | 64.018           |
| Ófrádráttabær gjöld .....                        | (10)             | (4)             | (13)             |
| Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi ..... | <u>(146.604)</u> | <u>(32.251)</u> | <u>(178.855)</u> |

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) samstæðunnar skiptist þannig á eftirfarandi liði:

|  |                  |                 |                  |
|--|------------------|-----------------|------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....                 | 226.423          | 62.022          | 288.444          |
| Óefnislegar eignir .....                           | 1.359.042        | 0               | 1.359.042        |
| Birgðir .....                                      | 17.531           | 0               | 17.531           |
| Viðskiptakröfur .....                              | (40.038)         | 0               | (40.038)         |
| Gengismunur .....                                  | (11.109)         | (92)            | (11.201)         |
| Yfirlænanlegt skattalegt tap .....                 | 0                | (97.857)        | (97.857)         |
| Aðrir liðir .....                                  | 223.576          | 0               | 223.576          |
| Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) 28/2 2020 ..... | <u>1.775.426</u> | <u>(35.928)</u> | <u>1.739.496</u> |

Ójafnað skattalegt tap samstæðunnar í árslok, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 489,3 millj. kr. Skattalegt tap nýtist til frádráttar hagnaði næstu tíu ár eftir að það myndast.

Yfirlænanlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

|  |                |
|--|----------------|
| Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023 .....    | 143.576        |
| Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024 .....    | 27.122         |
| Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....    | 68.984         |
| Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 .....    | 126.790        |
| Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 .....    | 21.992         |
| Tap fjárhagsársins, nýtanlegt til ársloka 2028 ..... | 100.822        |
|  | <u>489.287</u> |

# Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## 14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins á viðskiptavini samstæðunnar hefur framlag í afskriftarreikning vegna tapaðra viðskiptakrafna og skuldabréfa verið aukið. Endanleg áhrif faraldursins eru háð mikilli óvissu en stjórnendur fylgjast vel með stöðunni og grípa til aðgerða sem draga úr neikvæðum áhrifum á samstæðu Ölgerðarinnar. Að mati stjórnenda er samstæðan vel í stakk búin til að takast á við tímabundna niðursveiflu.

Engin önnur atriði hafa komið fram sem hafa veruleg áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur samstæðunnar

## 15. Mjöll Frigg ehf. - dótturfélag í sölumeðferð (selt á árinu)

### Rekstrarreikningur

|                                   | 28.2.2019        |
|-----------------------------------|------------------|
| Rekstrartekjur .....              | 662.994          |
| Aðrar rekstrartekjur .....        | 178              |
| Rekstrarkostnaður .....           | <u>(655.906)</u> |
| Hagnaður fyrir skatta .....       | 7.266            |
| Tekjuskattur .....                | <u>(1.457)</u>   |
| Hagnaður félags í söluferli ..... | 5.809            |

### Efnahagsreikningur

#### Eignir:

|                                     | 28.2.2019      |
|-------------------------------------|----------------|
| <b>Fastafjármunir</b>               |                |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....  | 84.099         |
| Óefnislegar eignir .....            | 8.435          |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....  | 100            |
| Tekjuskattsinneign .....            | <u>14.769</u>  |
| <b>Fastafjármunir samtals .....</b> | <b>107.404</b> |

#### Veltufjármunir

|                                     |                |
|-------------------------------------|----------------|
| Birgðir .....                       | 110.376        |
| Viðskiptakröfur .....               | 87.180         |
| Aðrar skammtímakröfur .....         | 336            |
| Handbært fé .....                   | 18.173         |
| <b>Veltufjármunir samtals .....</b> | <b>216.065</b> |
| <b>Eignir samtals .....</b>         | <b>323.469</b> |

#### Eigið fé og skuldir:

| <b>Eigið fé</b>               |                 |
|-------------------------------|-----------------|
| Hlutafé .....                 | 100.000         |
| Yfirverðsreikningur .....     | 7.500           |
| Óráðstafað eigið fé .....     | <u>(62.043)</u> |
| <b>Eigið fé samtals .....</b> | <b>45.457</b>   |

#### Skuldir

|  |                |
|--|----------------|
| Langtímaskuldir .....                    | 113.178        |
| Viðskiptaskuldir .....                   | 73.216         |
| Skuldir við tengd félög .....            | 31.296         |
| Næsta árs afborgun .....                 | 23.817         |
| Aðrar skammtímaskuldir .....             | <u>36.504</u>  |
| <b>Skuldir samtals .....</b>             | <b>278.012</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b> | <b>323.469</b> |

## Skýringar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

### Sjóðstreymi:

|  |          |
|--|----------|
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta ..... | 11.578   |
| Innbogaðar vaxtatekjur .....                     | 271      |
| Greidd fjármagnsgjöld .....                      | (897)    |
|  |          |
| Handbært fé frá rekstri .....                    | 10.952   |
| Fjárfestingahreyfingar .....                     | (20.059) |
| Fjármögnumarhreyfingar .....                     | 23.793   |
|  |          |
| Lækkun á handbæru fé .....                       | 14.686   |
| Handbært fé í byrjun tímabils .....              | 3.486    |
| Handbært fé í lok tímabils .....                 | 18.172   |